

Íslenska kalkpörungafélagið ehf
Hafnarteigi 4
465 Bíldudalur

Reykjavík, 18.10.2022
UST202203-006/G.S.O.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 3. ágúst 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir úrbótaáætlun vegna frávikanna sem skráð voru í eftirliti í kalkpörungaverksmiðju Íslenska kalkpörungafélagsins á Bíldudal þann 8. júní 2022. Þann 11. ágúst barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi og losunarbókhaldi var skilað of seint. **Gögnunum var skilað þann 10. júní 2022 og frávikinu lokað með bréfi 3. ágúst.**
2. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Útblástursmælingar frá eldri þurrkara voru 31,47 mg/Nm³ og frá nýrri þurrkara 32,24 mg/Nm³. Starfsleyfismörk útblásturs frá þurrkurum eru 20 mg/Nm³. **Samkvæmt úrbótaáætlun var fenginn sérfræðingur frá Englandi og kom hann með tillögur til úrbóta sem verið er að vinna úr. Stefnt er að mælingu í viku 34.**
3. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Tómir brúsar af spilliefnum þurfa að vera í lekaheldu kari svo það rigni ekki ofan í það. **Brúsarnir verða í lekaheldu kari frá þeim tíma sem ábending barst.**
4. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Tómar olútunnur, bambar undan olíuhreinsi og öðrum efnum og olíublaut efni eiga að fara í viðeigandi ferli og ekki standa óvarið úti. **Tunnunum, bömbunum og öðru slíku verður samkvæmt úrbótaáætlun komið í viðeigandi ferli og séð til þess að slíkt verði ekki látið standa óvarið úti.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfraeðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur